

AUGLÝSING

(II) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 439, 16. maí 2007 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2006/2007 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Súðavíkurhreppur.

Við úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa gildir reglugerð nr. 439 frá 16. maí 2007 að undanskildum eftirfarandi breytingum:

- 1) Í stað 1. gr. b liðar reglugerðar nr. 439/2007 kemur: eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2007.
- 2) Við úthlutun getur heildaraflamark einstakra fiskiskipa aukist meira en nemur 100% í þorskígildistonnnum talið, miðað við úthlutun í upphafi fiskveiðisárs 2006/2007 en ekkert fiskiskip skal hljóta meira en 80 þorskígildislestir.
- 3) Eigendur fiskiskipa sem eru með fleiri en eitt fiskiskip í rekstri og fá úthlutað byggðakvóta er heimilt að færa veiðiskyldu yfir á annað fiskiskip, sé það sannanlega í eigu sama aðila, 1. maí 2007, og að uppfylltum öðrum skilyrðum samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007.
- 4) Áður en kemur til úthlutunar byggðakvóta á fiskiskip skal útgerðaraðili/vinnslustöð leggja fram gögn er sýna fram á að landaður afli, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 439/2007 hafi sannanlega verið unninn í Súðavík.
- 5) Úthluta skal byggðakvóta á fiskiskip samkvæmt eftirfarandi reglum:
 - a) 127 þorskígildistonnnum skal úthlutað á fiskiskip hlutfallslega með tilliti til úthlutaðra aflaheimilda í upphafi fiskveiðisársins 2006/2007.
 - b) 69 þorskígildistonnnum skal úthlutað hlutfallslega með tilliti til landaðs afla í Súðavík 1. júlí 2006 til 30. júní 2007.
 - c) 8 þorskígildistonn skulu skiptast í jafna hluti milli þeirra fiskiskipa sem fá úthlutað frá 0 til 1 þorskígildistonni samkvæmt a) og b) lið hér að framan og uppfylla önnur skilyrði samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi áður auglýstar reglur ofangreinds sveitarfélags um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2006/2007, þ.e. í 4. tl. auglýsingar nr. 524 frá 15. júní 2007.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. október 2007.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Hinrik Greipsson.